

Ed.

641. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

1. efnismálsliður 1. gr. laganna orðist svo:
Staðarhérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur. Læknis-
setur á Staðarstað.

2. gr.

2. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda, meðan yfir stendur endurskoðun læknishéraðskipunar samkvæmt þingsályktun frá 11. marz 1944.

3. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945, ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs þó ekki fyrr en það hérað verður skipað.
Síðari málsgrein sömu greinar falli niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tillögum millipinganefndar um læknaskipun o. fl. Færir nefndin þau rök fyrir því að fresta stofnun hins fyrirhugaða Borðeyrarhéraðs, að tveir hreppar, Óspakseyrarhreppur og Staðarhreppur, af þremur, sem ætlað var að ganga saman í þetta hérað, hafa þegar mótmælt héraðsstofnuninni fyrir sitt leyti, en þeir eru að fólksfjölda svo verulegur hluti hins fyrirhugaða héraðs (220 af 490), að ekki verður komizt hjá að taka tillit til þeirra mótmæla.

Á Snæfellsnesi horfir málið hins vegar svo við, að héraðsstofnunin er áhugamál tveggja hreppa af þremur, Breiðavíkurhrepps og Staðarsveitar, og mikils meiri hluta íbúa hins fyrirhugaða héraðs þar (487 af 677), en einn hreppurinn, Miklaholtshreppur, telur hana ekki tiltækilega. Þykir hann verða að beygja sig fyrir nauðsyn hinna gegn því, að hann eigi eftir sem áður jafnan rétt til héraðslæknis í Stykkishólmi. Eftir nána athugun og m. a. með tilliti til viðskipta íbúa Miklaholtshrepps við héraðslækni í hinu nýja héraði, þykir eðlilegast að ákveða honum aðsetur á Staðarstað. En með því að fyrirsjáanlegt er, að nokkur tóf hlýtur að verða á því, að læknir fáist í þetta hérað, m. a. fyrir það, að hæfilegs læknisbústaðar er enn vant, þykir ekki rétt að láta hina nýju skipun koma til virkra framkvæmda fyrr en héraðið fæst skipað sérstökum lækni.

Rétt þykir að láta biða að gefa út læknaskipunarlögin í heild, þangað til heildar-
endurskoðun þeirra er lokið.